



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

HÖTE2HU05 Hugmyndavinna og textíll

Kennari:	Guðbjörg Bergsveinsdóttir	Sk.st.	GB
-----------------	----------------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Í áfanganum kynnist nemandinn undirstöðuatriðum hugmyndavinnu og helstu tækni og aðferðum í tengslum við vinnu með textíl. Hann vinnur eftir ferlinu frá því að hugmynd kviknar og þar til hún hefur fengið ákveðið form. Lögð er áhersla á samband milli hugmynda, hráefnis, tækni aðferða og listrænnar sköpunar. Hver nemandi kynnir verkefni sín og þær lausnir sem notaðar eru. Áhersla er lögð á umræður um verkefnin og að nemendur læri hver af öðrum.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Samband milli hugmynda, hráefnis, tækni, aðferða og niðurstöðu
- Litum, gildi þeirra og notkun í umhverfi okkar
- Hvernig náttúran og eigin menning er uppspretta hugmynda við eigin vinnu og hönnuða almennt
- Heildar hönnunarferlinu

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Tileinka sér nýjungar í gegnum upplýsingamiðla, handbækur og fagtímarit
- Nota mismunandi litasamsetningar

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Þróa hugmynd eftir markvissu þróunarferli
- Setja fram hugmynd munnlega, skriflega og á myndrænan hátt
- Nýta sér náttúru og eigin menningu sem uppsprettu hugmynda við eigin vinnu
- Rökstyðja eigin verk, taka gagnrýni og gagnrýna aðra á jákvæðan hátt

Námsefni:

Bækur og blöð á sviði hönnunar, handverks og textíls í FSu. Ljósrit og efni af alneti.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1- 4	6- 30. janúar	Kennsla hefst fim. 8. janúar. Kynning og skipulag Möppugerð	Vinumöppugerð
	2- febrúar	Hönnunarferli hefst Saumavélaæfingar	Sett í möppu
5 - 8	2-27. febrúar	Skissuteikning og tillaga að hönnun 1 Móta í pappír (sníðagerð) Prufu flík/hlutur Miðannarmat lokaskil 20.febrúar. Vorfrí 23. – 24. febrúar. Starfsþróunardagur í FÁ 27.febrúar.	Verkefni skilað með Sníðum, verklýsingum
9 - 12	1-27. mars.	Áfangamessa 4. mars Valdagur 11. mars Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars.	
13 - 16	7.- 30. apríl		
17 - 19	4.- 24. maí	Lokaskil á möppu með verkefnum Dimissjón 8. Maí Síðasti kennsludagur mið. 13. maí. Námsmatsdagar 15. - 19.maí Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning fös. 29. maí.	Lokaskil

Sérreglur áfangans:

1. Vinnumappa merkt og myndskreytt í takt við innihald. Mappan sé ávalt til taks á vinnuborði ásamt ritföngum, efnivið og áhöldum verkefna hvers tíma.

2. Nemandi sinni símati í samvinnu við kennara: Innlögn eftir þörfum, verkefnaskil þegar þau verkefni eru fullkláruð
3. Áfanginn er verklegur staðnámsáfangi og skulu verkefni hans unnin í kennslustundum að kennara ásjáandi eða í samráði við kennara um heimavinnu verkefna.
4. Samvinna um vinnu í forgangshóp og sjálfstæðishóp
5. Öllum verkefnum áfangans séu gerð skil í vinnuöppu jafnóðum.
6. Efnisgjald, kr. 8.000 greiðsluseðill kemur í heimabanka. Innifalið í efnisgjaldi er að mestu efni í vinnuöppu, prufur og prufuflik, ásamt afnotum af textíllager og afnot af öllum tækjum, áhöldum og efnivið sem Hönnunardeild FSu. hefur yfir að ráða.

7. Reglur um svindl og notkun gervigreindar

8. <https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

9. Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Möppuskil	Mappa með forsiðu, millispiöldum, og öllum verkefnum	15%
Tískuteikning	4 teikningar	10%
Netverkefni	Netverkefni um tísku	10%
Saumavélaæfing	Fyrsta æfing á saumavél	5%
Saumavélaprúfa	Vasaprúfa saumuð eftir verklýsingu	10%
Tilbúið verkefni	Fullunnið verkefni með verklýsingu og sniðum	20%
Aukaverkefni	Fullunnið verkefni með verklýsingu og sniðum	10%
Áhöld á borði	Áhöld höfð á borði sem þarf að nota í verkefnum	10%
Nýting tímans	Virkni í tímum og mæting	10%
Samtals =		100%

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Símat og leiðsagnarmat í öllum þáttum námsins	Samvinna kennara og nemenda við sameiginlegt matsblað hópsins. Megin þættir áfangans eru: Gagnasöfnun, úrvinnsla, mótun prufuhlutar og/eða tilraunavinna, auðskilin vinnulýsing, fullunnin flík/hlutar, frágangur og markaðssetning (þátttaka í sýningu í annarlok). Nemandi þarf að ná 5 fyrir fullunnið verkefni og hafa mætingu í lagi.	100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.

- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar

Selfoss 6 janúar 2026

Guðbjörg Bergsveinsdóttir